



# Jöklaárannsóknafélag Íslands

## Fréttabréf

Nr. 33

Febrúar 1991

### AÐALFUNDUR

Aðalfundur félagsins verður haldinn að Hótel  
Lind, Rauðarárstíg, þriðjudaginn 26. febrúar 1991,  
kl. 20:30.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Kaffidrykkja
3. Gérard R Delavault sýnir myndir  
úr Kverkfjöllum, Vatnajökli og víðar.

## AÐALFUNDUR

Aðalfundur félagsins verður þriðjudaginn 26. febrúar 1991. Samkvæmt lögum félagsins er dagskrá aðalfundar sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Flutt skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins.
3. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins til samþykktar.
4. Lagabreytingar ef einhverjar eru.
5. Kosning stjórnar og varastjórnar.
6. Kosning endurskoðenda.
7. Önnur mál.

Breytingartillögur við lög félagsins verða lagðar fyrir fundinn og fylgja þær hér á eftir.

Að loknum aðalfundarstörfum mun Gérard R Delavault sýna myndir, m.a. úr Kverkfjöllum og frá Vatnajökli.

### Breytingartillögur við lög JÖRFÍ

*3. grein hljóðar þannig :*

„Félagar geta allir þeir orðið, er áhuga hafa á rannsóknum á jöklum og jöklaferðum.“

*Við bætist :*

Félögum skal skipt í þrjá hópa :

1. Almenna félaga
2. Fjölskyldufélaga
3. Heiðursfélaga

*6. grein. Ný grein svo hljóðandi :*

Aðalfundur kýs þrjá félaga í valnefnd, sem hefur það hlutverk að fjalla um allar tillögur um kjör heiðursfélaga. Nefndina skulu skipa virtir félagar, sem verið hafa í félaginu eigi skemur en 15 ár. Nefndarmenn skulu kosnir til þriggja ára í senn, þannig að einn komi til kjörs ár hvert. Tillaga um kjör heiðursfélaga skal vera skrifleg, studd af tveimur eða fleiri félögum. Hún

skal send stjórn félagsins, sem leggur hana fyrir valnefnd. Nefndin getur einnig átt frumkvæði að tillögu um heiðursfélaga. Stjórn félagsins skal halda að minnsta kosti einn fund á ári með nefndinni. Formaður félagsins leggur tillögur um kjör heiðursfélaga fyrir aðalfund til samþykktar. Þær verða að hafa hlotið einróma stuðning valnefndar og stjórnar.

*Númeraröð annarra greina laganna færast aftur um þessa grein svo að fjöldi þeirra í lögunum verður 15.*

*Í núverandi 6. grein breytist dagskrá aðalfundar og verður svo hljóðandi :*

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Kjör heiðursfélaga, ef tillögur liggja fyrir.
3. Flutt skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins.
4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins til samþykktar.
5. Lagabreytingar, ef einhverjar eru.
6. Kosning stjórnar samkvæmt 4.gr. laga.
7. Kjör valnefndar.
8. Kosning endurskoðenda.
9. Önnur mál

*Núverandi 8. grein breytist svo að við niðurlag hennar bætist :*

Heiðursfélagar njóta sama réttar og almennir félagar en greiða ekki árgjöld.

*Núverandi 9. grein breytist svo að í stað „ fjórar aðalnefndir “ komi „fimm aðalnefndir“.*

*Heiti og röð nefnda verði sem hér segir :*

1. Rannsóknnefnd
2. Ritnefnd Jökuls
3. Skálanefnd
4. Ferðanefnd
5. Bílanefnd

*Að öðru leyti verði greinin óbreytt.*

*Ákvæði til bráðabirgða : Við fyrsta kjör í valnefnd skal einn nefndarmanna kosinn til eins árs, annar til tveggja ára og hinn þriðji til þriggja ára.*

## GJÖRFI

Gönguklúbburinn GJÖRFI hefur hafið starfsemi sína á þessum vetri. Að venju var fyrsta gangan fyrsta laugardag í janúar. Næstu göngur verða 16. febrúar, 2. mars, og 16. mars. Mæting við Nesti Ártúnshöfða kl. 13.